



Reykjavík, 4. júlí 2019

R18110053

6631

bp

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Furugerði 23 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 4. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. júní 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs, frá. 26. júní 2019, á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 23 við Furugerði, ásamt fylgiskjölum. Einnig er lagt fram bréf Land lögmanna, dags. 3. júlí 2019, með athugasemdum frá íbúum Furugerðis 10 og 12.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Arkís arkitekta að nýjum íbúðum við Furugerði 23 hefur tekið talsverðum breytingum til samræmis við athugasemdir íbúa sem bárust við fyrri deiliskipulagsauglýsingu. Húsin hafa verið lækkuð úr þremur hæðum í tvær. Þau hafa einnig verið færð fjær núverandi fjölbýlishúsabyggð og dvalarsvæði íbúa fært að norðurhlíð húsanna þar sem hljóð- og svifryksmengun frá Bústaðarvegi verður talsvert minni. Einnig hefur breyting verið gerð á B-reit sem felur nú í sér raðhúsabyggð í stað fjölbýlis. Meirihluti borgarráðs fagnar þessari uppbyggingu og áorðnum breytingum á deiliskipulagstillögunni, enda eftirsótt svæði í nálægð við almenningssamgöngur, skóla og stóra vinnustaði Reykjavíkur og í samræmi við markmið gildandi Aðalskipulags Reykjavíkur.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Málið er keyrt áfram þvert á vilja íbúa og þeirra efnislegu raka. Í málinu liggja fyrir álitsgerðir lögmanna sem ekkert er gert með að hálfu borgarinnar og í álitsgerð frá 3. júlí s.l. segir: „skýrt er því að framangreind breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina að Furugerði 23 er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag og ber því að hafna samþykkt hennar, sbr. 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2011. Einnig kemur fram að framangreind breyting mun raska alvarlega hagsmunum íbúa í nágrenni Furugerðis 23 vegna aukinnar umferðar og tilheyrandi mengunar, ónæðis, bílastæðaskorts, skerts útsýnis og skuggavarps. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er svæðið að mestu fullbyggt og fastmótað en að möguleikar á lítilsháttar þéttingu íbúabyggðar upp á 4 – 6 íbúðir. Verið er að leggja til allt að fjórum til fimm sinnum meira byggingamagn. Því er ljóst að þessi áform fara gegn ákvæðum gildandi aðalskipulags og er ólöglegt. Þegar hefur verið kynnt að málið verði kært til úrskurðarnefndar

umhverfis- og auðlindamála, sem síðan er kæránlegt til dómstóla.



Helga Björk Laxdal  
e.u.